



KENNAHEFTI

Allir spenntir

umferðarfræðsla fyrir unglingastig



NÁMSAGNASTOFNUN



Nokkur orð til kennara

um umferðarfræðslu á unglingsstigi

Á unglingsárum hafa nemendur þegar öðlast talsverða þekkingu á umferðarmálum og reynslu sem vegfarendur. Þeir hafa flestir fengið fræðslu heima, í leikskóla, í umferðarskólanum Ungir vegfarendur og ættu einnig að hafa fengið umferðarfræðslu í grunnskóla, bæði á yngsta og miðstigi. Námsefnið *Allir spenntir* er samið með það fyrir augum að vekja nemendur til ábyrgðar og gagnrýnnar hugsunar og umræðu um ýmislegt sem tengist umferðinni, s.s. öryggi, hættur og ábyrgð. Á unglingsárum nálgast bílprófsaldurinn og því er mikilvægt að leggja rækt við áframhaldandi fræðslu og umfjöllun um umferð og umferðaröryggi.

Markmið með námsefninu

Í aðalnámskrá grunnskóla er fjallað um umferðarfræðslu undir hatti námsgreinarinnar lífsleikni. Þar er m.a. gert ráð fyrir að nemendur á unglingsstigi þekki umferðarmerki, séu meðvitaðir um hættur í umferðinni og átti sig á nauðsyn þess að sýna ábyrga hegðun í umferðinni. Einnig er gert ráð fyrir að nemendur á þessum aldri séu færir um að beita gagnrýnni hugsun og geti tjáð og rökrætt hugsanir sínar, skoðanir og væntingar, geti metið félagslegar aðstæður út frá eigin sannfæringu og staðist félagaprýsting sem leitt getur til áhættuhegðunar. Að lokum má nefna að aðalnámskráin gerir að auki ráð fyrir því að nemendur læri um rétt viðbrögð á slystað og hjálp í viðlögum. Námsefnið *Allir spenntir* tekur á þessum atriðum á einn eða annan hátt.

Uppbygging nemendaefnis

Efninu, sem er fjölnota, er skipt í nokkra þætti og gert er ráð fyrir að hver efnispáttur geti staðið sjálfstætt þótt þeir tengist vissulega allir. Ekki er nauðsynlegt að vinna með efnið í þeirri röð sem það er í nemendabókinni. Hver efnispáttur inniheldur **Mola**, þ.e.a.s. fróðleiksmola um áhersluefni kaflans. Gert er ráð fyrir að kennari lesi þessa mola upp fyrir bekkinn eða láti nemendur lesa upphátt og að efni þeirra sé rætt eins og áhugi og aðstæður leyfa. Í hverjum kafla er einnig **Spjall** og **Verkefni** þar sem annars vegar er varpað fram spurningum til nemenda, sem gert er ráð fyrir að leiði til umræðu innan bekkjarins undir stjórn kennarans, og jafnvel heima fyrir líka, hins vegar eru uppástungur að fjölbreyttum verkefnum sem hægt er að vinna út frá efninu hverju sinni. Verkefni eru ýmist ætluð til hópvinna eða einstaklingsvinnu og gera flest ráð fyrir að nemendur afli upplýsinga af Netinu eða með eigin könnunum og athugunum, en við sum þeirra þarf e.t.v. að afla upplýsinga annars staðar frá, s.s. úr bókum, blöðum eða tímaritum eftir því sem við á, eða með því t.d. að taka viðtöl við foreldra eða aðra. Rétt er að undirstrika það hér að gert er ráð fyrir að kennari og/eða nemendur velji úr verkefnunum eftir því sem áhugi og aðstæður til verkefnavinnunnar leyfa, en ekki að þau séu unnin öll. Aftast í nemendabókinni er listi yfir nokkrar gagnlegar vefsíður, innlendar og erlendar sem tengjast umferðarmálum og nemendur geta nýtt sér á einhvern hátt við verkefnavinnuna.

Við nokkra kafla eru merki eins og þetta **K-1 Glærur**. Það merkir að aftar kennaraheftinu sé ítarefni til útprentunar/ljósritunar, sem kennari getur nýtt í tengslum við efni kaflans, ef hann vill. Um er að ræða spil, myndrit og kannanir. Einnig er bent á að spilið *Hringvegurinn* getur nýst í kennslunni þegar fjallað er um umferðarmerkin.

Kennaraheftið

Í þessu kennarahefti er efninu skipt niður í kafla samsvarandi þeim sem eru í nemendabókinni. Yfirleitt er ekki fjallað ítarlegar um hvern efnispátt en aftur á móti komið með tillögur að vinnulagi eða verkefnum og aðrar gagnlegar ábendingar þar sem það á við og bent á vefsíður sem hægt er að nýta við verkefnavinnu. Aftar í heftinu er svo áður nefnt ítarefni.

Kafla í nemendabók

Ábyrgð og tillitsemi, bls. 4

- Á þessari blaðsíðu er almenn umfjöllun um nauðsyn ábyrgrar hegðunar í umferðinni. Lagt er til að nemendur kynni sér umferðarlög nr. 50 frá 1987 í lagasafni Alþingis sem er aðgengilegt á Netinu, www.althingi.is.



Umferðarmerki, bls. 5–7

- Á fyrstu síðum nemendabókarinnar er almenn umfjöllun um umferðarreglur auk þess sem nokkrir flokkar umferðarmerkja eru skoðaðir. Þau umferðarmerki sem tekin eru fyrir í hverjum flokki eru alls ekki tæmandi en miðast einkum við þau merki sem ætla má að nemendur taki einna helst eftir á daglegum ferðum sínum, hvort heldur þeir eru á ferðinni fótgangandi, hjólandi eða í bílum. Nokkur merkjanna eru auk þess valin með það fyrir augum að koma af stað umræðum og vangaveltum, s.s. þjónustumerkin þar sem vísað er á slyshjálp eða athyglisverðan stað.
- Síður með þeim umferðarmerkjum sem farið er í gegnum á fyrstu blaðsíðum nemendaheftisins eru á bls. 11–13, merktar **K-1 Glærur**. Síðunum má varpa beint á tjald eða prenta á glærur (í lit) til að fara yfir merkin saman í bekknum. Hvetjið nemendur til að leggja merkin á minnið, ræðið um þau, s.s. hvar þau er að finna einna helst (á gangstéttum, við vegarbrún, úti á landi, í miðbænum ...) og látið nemendur „prófa“ hver annan.

K-1 Glærur

Benda má á veggspjöld Umferðarstofu með helstu umferðarmerkjum. Hægt er að panta þau þaðan.

- Spilið *Hringvegurinn* (útgefandi Námsgagnastofnun, 2004) getur nýst vel í kjölfar umræðu um þennan efnispátt. *Hringvegurinn* er teningaspil ætlað nemendum í efstu bekkjum grunnskólans. Í spilinu ferðast nemendur hringinn í kringum Ísland. Umferðarmerkjum er raðað í kringum landið og síðan er teningi kastað og

færa þátttakendur sig á milli umferðarmerkja. Þeir eiga að þekkja merkin sem þeir lenda á. Spurningastokkur fylgir spilinu. Í honum eru 208 spjöld með spurningum úr bókinni *Akstur og umferð – Almenn tókunám, B réttindi* eftir Arnald Árnason (útgefandi fræðslumiðstöð Ökukennarafélags Íslands, 1999). Nauðsynlegt getur reynst að kennari hafi bókina við höndina þar sem ýmis atriði koma þar fyrir sem ekki eru tekin fyrir í nemendaheftinu og gæti reynst þörf á að fletta upp. Markmið spilsins er að auðvelda nemendum að þekkja umferðarmerkin og læra mörg af helstu atriðum í ökunámi.

K-2 Könnun

- Bent er á símaskrána til að skoða öll umferðarmerkin. Einnig má finna öll merkin á www.us.is, undir flípanum umferðarmerki og að auki á vef Vegagerðarinnar á slóðinni <http://www.vegagerdin.is/umferd-og-faerd/umferdarmerki>

Umferðarmenning, bls. 8–9

- Í Íslenskri orðabók frá 2003 er hugtakið umferðarmenning skilgreint svo: *hegðun og hættir fólks í umferð.*
- Fjallað er um fyrsta bílinn á Íslandi. Hægt er að afla upplýsinga um Thomsensbílinn og upphaf bílaumferðar á Íslandi m.a. á vefsíðunni www.vegur.is. Á [vegur.is](http://www.vegur.is) er einnig að finna örstutta umfjöllun um fyrstu umferðarlögin. Finna má ýmsan skemmtilegan fróðleik um reiðhjóra- og bílamenningu (og árekstra þar á milli) þegar slík farartæki voru að ryðja sér til rúms hér á landi á www.fjallahjolaklubburinn.is. Einnig getur verið fróðlegt að skoða nágildandi umferðarlög, <http://www.althingi.is/lagas/nuna/1987050.html>, t.d. um skilgreiningar á farartækjum og vegum, almennar reglur um hvernig vegfarendum er skylt að haga sér o.fl.
- Um skráningar og/eða fjölda ökutækja má t.d. finna upplýsingar hjá Bílgreinasambandinu á www.bgs.is og á vef Hagstofu Íslands www.hagstofa.is, undir *ferðamál > ökutæki*.



Að halda „kúlinu“, bls. 10–11

- Stutt umfjöllun um mótun sjálfsmýndar á unglingsárum og sjálfstæða hugsun og ákvarðanatöku. Hvort er gáfulegra að reyna að vera „kúl“ með því að nota ekki hjálm og eiga þar með á hættu að hljóta heilaskaða ef slys ber að höndum, eða að nota hjálminn og vernda heilann.
- Einnig stutt umfjöllun um mikilvægi þess að sjást vel í myrkri. Varpað er fram spurningum um ábyrgð foreldra í þessu samhengi; sjá foreldrar almennt unglíngunum sínum fyrir endurskinsmerkjum? Fá unglíngarnir þau skilaboð frá foreldrum að ætlast sé til þess að þeir noti endurskinsmerki eftir að skyggja tekur og hafi hjálm þegar þeir hjóla? Hver er upplifun nemenda?

Öryggi og umferðarslys, bls. 12–13

- Hægt er að finna upplýsingar um umferðarslys (fjölda og mismunandi tegundir, eftir árum) á vef Hagstofunnar, www.hagstofa.is, undir *ferðamál > ökutæki*.
- Auglýsingar um umferðaröryggismál má m.a. finna á vefsíðum trygginga-fyrirtækja, t.d. á www.tryggingamidstodin.is, www.sjova.is og www.vis.is. Einnig er að finna auglýsingar um umferðaröryggismál á vef Umferðarstofu www.us.is.
- Ökumaður ber ábyrgð á því að þeir farþegar hans sem eru undir 15 ára aldri séu með beltin spennt. Við 15 ára aldur breytist það og þar með ber hver ábyrgð á sjálfum sér. Að sjálfsgöðu er þó hægt að ætlast til að farþegar fari að óskum ökumanns í þessum efnum og aðrir farþegar geta líka reynt að hafa áhrif þar á. Benda má nemendum á að ökumanni sé í rauninni í sjálfsvald sett að neita farþega um far vilji hann ekki spenna beltið eða skapi hættu að einhverju leyti. Tilvalið er að nota tækifærið hér og benda mjög ákveðið á þá ábyrgð sem fylgir því að stjórna ökutæki – bílar eru ekki leikföng. Hægt er að hafa samband við Umferðarstofu til að fá upplýsingar um viðurlög/sektarupphæðir, t.d. fyrir of hraðan akstur eða vegna þess að bílbelti eru ekki notuð.
- Á síðu Rannsóknarnefndar umferðarslysa www.rnu.is má finna ýmsan fróðleik um slys.
- Myndritin á bls. 15–16 má prenta á glærur og varpa á tjald eða varpa beint af skjávarpa. Þau gefa gott tilefni til að ræða um álagstíma í umferðinni, unga ökumenn og áhættu, konur og karla í umferðinni og mikla fjölgun bifhjólasyra samfara auknum fjölda bifhjóla í umferðinni.

K-3 Myndrit

Umferð og fjölmiðlar, bls. 14–15

- Kaflanum er ætlað að vekja til umhugsunar um fjölda og alvarleika slysa í umferðinni. Fyrirsagnirnar eru allar teknar úr dagblöðum frá sumrinu 2008 og eru aðeins brot af þeim slysum sem fréttir komu af í blöðunum það sumar.
- Í tengslum við efni kaflans mætti einnig vekja nemendur til umhugsunar um það hvernig bílasölur og bílaumboð auglýsa bíla sína, til hvers reynt er að höfða hjá væntanlegum kaupendum. Tillaga að verkefni þessu tengdu:
 - Bílaumboð og lánafyrirtæki keppast um viðskiptavinum og það er mikið í húfi að laða að sér fólk í bílahugleiðingum. Bekkurinn gæti hjálpast að við að safna slagorðum og auglýsingum frá slíkum aðilum og skoðað saman á hvað aðaláherslan er lögð í slíkum auglýsingum. Spyrja mætti hvort aðrir þættir ættu jafnvel að vera í brennidepli og fá þannig umræður um öryggi og ábyrgð frekar en kraft og útlit þegar kemur að því að velja bíl. Einnig gæti umræða um mengun og náttúruvernd tengst þessu. Nemendur gætu, saman eða hver fyrir sig, gert lista yfir þá þætti sem þeim þykja mikilvægir þegar kemur að því að velja bíl – með rökstuðningi fyrir hvert atriði. Ath. Mismunandi aðstæður fólks geta kallað á ólíkar áherslur hjá þeim sem eru að kaupa bíla.



Raunveruleikinn, bls. 16–17

- Á www.straeto.is er hægt að nálgast gjaldskrá fyrir mismunandi tegundir strætókorta.
- Umhverfismál og mengun koma við sögu í umræðum um bíla og umferð og þá er tilvalið að hafa umræðu um almenningssamgöngur í því sambandi. Ef fólk legði einkabílnum og tæki strætó myndi útblástur minnka, mengun vegna svifryks sömuleiðis, eldsneytisnotkun dragast saman o.s.frv. Ef fleiri tækju strætó væri e.t.v.hægt að fjölga ferðum/lækka fargjöld? Sjá unglingar nútímans fyrir sér hvernig aukin notkun almenningssamgangna gæti verið til hagsbóta fyrir umhverfið? Hvaða galla má finna við það að nota almenningssamgöngur (tími, vegalengdir, veður)? Yfirgnæfa gallarnir kostina, eða öfugt, að mati nemenda?
- Á síðu Ríkisskattstjóra www.rsk.is má finna reiknivél til að reikna út bifreiðagjöld. Nægir að reikna með að lítill fólksbíll vegi um 1000 kg, stærri fólksbíll um 1500 kg og meðalstór jeppi um 2000 kg. Auðvitað má einnig afla nákvæmari upplýsinga um heildarpunga bíla, fyrir þá sem eru áhugasamir um slíkt.
- Verðskrár ökutækjatrýgginga má finna á heimasíðum tryggingafélaganna.
- Til að fá verð á dekkjaskiptum þarf að hafa samband við dekkjaverkstæði.
- Þegar bíll er keyptur þarf m.a. að hafa í huga hversu miklu eldsneyti hann eyðir og hve mikið hann mengar. Einnig þarf að hafa í huga ýmis öryggisatriði, s.s. að öryggisbelti séu í lagi, að bíllinn sé ekki ryðgaður, að dekk séu í lagi o.fl. Á vef Umferðarstofu www.us.is eru gefin góð ráð til þeirra sem eru í bílakaupahugleiðingum.
- Umfjöllun um bílamengun má m.a. finna á vef Umhverfisstofnunar, www.ust.is. Þar er t.d. fjallað um svifryk í Reykjavík.

Bílpróf, bls. 18–19

- Umfjöllun um bílprófsaldur og tengsl reynslu/aldurs og umferðarslysa má t.d. finna á vef Rannsóknarnefnda umferðarslysa www.rnu.is undir skýrslur.
- Nemendur geta „tekið bílpróf“ á vefsíðum tryggingafélaganna. Einnig má finna verkefni tengd ökunámi á vef Umferðarstofu www.us.is.
- Þegar bílstjóri sest upp í bíl, ræsir og ekur af stað eru mörg atriði sem hann framkvæmir svo að segja samtímis: spennir belti, stígur á kúplinguna, setur í hlutlausan/fyrsta gír/bakkgír, lítur í baksýnisspegilinn og hliðarspegla, gengur úr skugga um að allir hafi lokað bilhurðum, að farþegar séu spenntir í belti, setur ljósin á, lítur út um afturrúðuna, ræsir bílinn, gætir að umferðinni í kring, stillir miðstöðina, lítur á mælaborðið, o.s.frv. Þessum kafla fylgir umferðarspil til útprentunar aftar í kennaraheftinu, merkt **K-4 Spil**, þar sem sjónum er beint að ýmsum þáttum sem geta komið upp í akstri, bæði jákvæðum atriðum og neikvæðum, stórum sem smáum. Spilið er fyrst og fremst háð heppni en ekki þekkingu eða kunnáttu nemenda. Það getur einkum nýst nemendum sem þurfa öðruvísi framsetningu eða endurtekningu í námi.

K-4 Spil

Létt bifhjól og fjórhjól, bls. 20–21

- Stutt umfjöllun um þessi ökutæki, ætluð til að vekja nemendur til umhugsunar um þá ábyrgð sem fylgir því að aka um á slíkum tækjum, ekkert síður en öðrum ökutækjum.
- Hjá Umferðarstofu www.us.is eða hjá Ökukennarafélagi Íslands www.aka.is má afla upplýsinga um þau skilyrði sem þarf að uppfylla til að fá réttindi til að aka léttu bifhjóli.

Skynjun og viðbrögð í umferðinni, bls. 22–23

- Heyrnarskertir ökumenn hafa lægri slysatíðni en aðrir ökumenn. Þeir nýta önnur skynfæri betur og eru betur á verði í umferðinni þar sem heyrnin nýtist þeim ekki að fullu. Það sama gildir að sjálfsögðu ekki um ökumenn sem hafa truflaða heyrn vegna yfirgnæfandi hávaða í tónlist úr bílnum eða annars hávaða sem dregur athyglina jafnvel frá umhverfinu.
- Veðurfarslegar aðstæður (s.s. sólskin eða él), þreyta ökumanns eða veikindi, eða notkun áfengis og annarra vímuefna, og jafnvel áhrif frá sumum löglegum lyfjum geta brenglað skynjun ökumanna í umferðinni og viðbrögð. Nánar er fjallað um það í kaflanum Stopp ... Stans

Stopp ... Stans ..., bls. 24–25

- Forfeður okkar gengu eða hlupu og ferðuðust ekki um með öðru móti. Þess vegna má segja að „náttúrulegur“ hraði okkar og viðbragðsflýtir miðist við meðal göngu- eða hlaupahraða venjulegrar manneskju.
- Sjá má stutta fræðslumynd sem sýnir tengsl ökuhraða við stöðvunarvegalengd á vef Umferðarstofu www.us.is undir hnappnum *umferðaröryggi > ýmis fróðleikur > hraðakstur*, slóðin er <http://www.us.is/Apps/WebObjects/US.woa/wa/dp?id=1415>.
- Áfengi og fíkniefni brengla dómgreind fólks og viðbragðsflýti og því er stórhættulegt að vera undir áhrifum slíkra efna í akstri. Ýmis lögleg lyf, jafnvel hóstamixtúrus, sem hægt er að kaupa án lyfseðils í apótekum, geta einnig hægt á viðbrögðum og því verið varasöm í þessu samhengi. Benda má á að áhrifin eru þó oftast einstaklingsbundin og lyf sem jafnvel eru ekki þríhyrningsmerkt geta í einstaka tilfellum einnig haft slævandi áhrif fyrir ákveðna einstaklinga. Boðskapurinn er í rauninni sá að nauðsynlegt er að vera ávallt vakandi fyrir því sem getur haft áhrif á hæfni ökumanns í akstri.
- Fyrsta verkefni krefst þess að bekkurinn hafi aðgang að a.m.k. einu hjóli, helst fleirum. Bremsur hjólsins/hjólanna þurfa að vera í lagi. Brýna þarf fyrir nemendum að ekki megi vera um neinn „glæfraakstur“ að ræða, markmiðið er að geta stöðvað hjólið á öruggan hátt á sem stystum tíma. Það sama gildir þegar nemendur kanna stöðvunarvegalengd hlaupara.
- Skemmtilegt verkefni getur einnig verið að láta nemendur halda jafnvægi á beinni línu og ganga 5–10 metra án þess að fara út af línunni, án þess að rétta út hendur til að halda jafnvæginu betur. Líklega kemur í ljós að þetta er kannski ekki öllum eins auðvelt og ætla mætti. Í framhaldinu má ræða um það hversu mikið erfiðara (ómögulegt) það er fyrir manneskju undir áhrifum áfengis eða annarra vímuefna. Þessar aðstæður má svo yfirfæra á það að aka bifreið eftir beinum vegi undir áhrifum og tala um hraða og skynjun og hvað getur gerst við þær aðstæður. Til að brengla jafnvægisskynið má láta nemendur snúa hver öðrum í tvo eða þrjá hringi áður en gengið er eftir línunni.

K-5 Könnun





Fyrsta hjálp, bls. 26–29

- Í kaflanum er farið í gegnum undirstöðuatriði í skyndihjálpi og fjallað um það sem ber að gera þegar komið er að slysi, hér kallað *Fjögur fyrstu skrefin*. Stuðst var við efni Rauða kross Íslands. Vert er að benda á að um miklu fleiri atriði er að ræða í skyndihjálpi en tekin eru fyrir í námsefninu. Þar má t.d. nefna rétt viðbrögð við bráðaofnæmi, brunasárum eða aðskotahlut í öndunarvegi.
- Verkefnið sem fylgir kaflanum gerir ráð fyrir því að nemendur æfi sig í réttum viðbrögðum og setji á svið umferðarslys í skólastofunni og noti „úttroðin föt“ sem líkama hins slasaða. Ef einhver nemandi treystir sér til að leika hinn slasaða má að sjálfsgöðu gera það. Einnig getur það aukið áhrif verkefnisins ef skrifað er handrit og leikritið tekið upp á myndband. Jafnvel væri hægt að gera það raunverulegra með því að taka það upp utan dyra, nota gerviblód og setja inn hljóð eins og bremsuhljóð, sírenuvæl o.fl. þess háttar. Mikilvægt er að nemendur skilji nauðsyn þess að kunna réttu handtökin á ögurstundu og taki verkefnið alvarlega. Upplagt er að setja afraksturinn á heimasíðu bekkjarins/skólans og/eða halda kvikmyndasýningu/leiksýningu á sal fyrir aðra bekki eða foreldra, ef aðstæður leyfa. Ganglegt gæti verið að fara með nemendur út í bíl (kennara eða samkennara) og sýna þeim viðvörðunarþríhyrninginn og fjalla um notkun hans.
- E.t.v. má fá fulltrúa frá Rauða krossinum til að koma og ræða um skyndihjálpi við bekkinn, sýna réttu handtökin og aðstoða við þennan þátt kennslunnar.
- Heimasíða Rauða kross Íslands er www.redcross.is. Þar geta nemendur t.d. tekið krossapróf í skyndihjálpi.
- Ekki er úr vegi að útvega skyndihjálparveggsplald (hægt að panta hjá Rauða krossinum) og hengja upp í skólastofunni eða á göngum unglingsdeildarinnar.

K-6 Könnun

Hvað hefur þú lært?, bls. 30

- Á næstu blaðsíðu er sami gátlisti og í nemendabók. Hann má ljósrita fyrir nemendur til að nota í tengslum við sjálfsmat.


Hvað kanntu? – Hvað hefur þú lært?

| | Já | Nei | Ætla að læra betur |
|---|----|-----|--------------------|
| Ég hef kynnt mér umferðarlög og þekki helstu atriði í þeim um ábyrgð og tillitssemi í umferðinni. | | | |
| Ég hef kynnt mér reglur í umferðarlögum um alla umferð, um gangandi vegfarendur, ökumenn og sérreglur fyrir bifhjól, reiðhjól og torfærutæki. | | | |
| Ég get nefnt helstu flokka umferðarmerkja. | | | |
| Ég veit hvað helstu umferðarmerkin tákna. | | | |
| Ég átta mig á því hvað átt er við með hugtakinu umferðarmenning. | | | |
| Ég veit hvernig reiðhjólahljalmur á að sitja rétt. | | | |
| Ég þekki helstu öryggisatriði fyrir ökumenn og farþega í bíl. | | | |
| Ég geri mér nokkuð vel grein fyrir kostnaði við rekstur bíls. | | | |
| Ég þekki helstu kosti þess að ferðast með strætó. | | | |
| Ég geri mér grein fyrir áhættu sem er samfara auknum ökuhraða. | | | |
| Ég veit hvað átt er við með „blinda blettinum“. | | | |
| Ég geri mér grein fyrir áhrifum ökuhraða og annarra þátta á stöðvunarvegalengd. | | | |
| Ég veit hver fjögur fyrstu skrefin eru sem taka þarf ef komið er að slysi / slystað. | | | |
| Ég kann að leggja slasaða manneskju í hliðarlegu. | | | |
| Ég veit hvenær ekki á að leggja slasaða manneskju í hliðarlegu. | | | |
| Ég veit hvað gera á þegar um mikinn blóðmissi er að ræða úr opnu sári. | | | |
| Ég veit hvernig framkvæma má endurlífgun með því að blása í einstakling og beita hjartahnoði. | | | |

Umferðarmerki

Umferðarmerkjum er skipt í nokkra flokka. Hér skoðum við merki úr fjórum þeirra. Það eru merki í flokkum viðvörunarmerkja, bannmerkja, boðmerkja og leiðbeiningarmerkja. Til eru miklu fleiri umferðarmerki og hægt að skoða þau t.d. á Netinu.

Viðvörunarmerki Þeim er ætlað að vekja athygli vegfaranda á því að vegur sé hættulegur eða einhver sérstök hættu sé á veginum. Merkin eru þríhyrnd og gul á lit með rauðum kanti



Merkin í þessum flokki eru öll þríhyrningslaga. Biðskyldumerkið er eina merkið þar sem eitt hornið snýr niður. Það er til þess að það þekkist auðveldlega báðum megin frá.

Boðmerki Þau eru ætluð til þess að segja vegfarendum hvernig umferðin á að vera, til dæmis í hvaða átt má aka eða að hér sé sérstakur gang- og hjóltreiddastígur o.s.frv. Boðmerki eru hringlaga, blá að lit og með hvítum kanti og hvítu tákni.

| Akstursstefnumerki | Akstursstefnumerki | Hjóltreiddastígur | Gangstígur | Gang- og hjóltreiddastígur |
|---|---|--|---|---|
|  |  |  |  |  |
| | Hringakstur | Akbrautarkerki | Reiðvegur | Akbrautarkerki |
|  |  |  |  | |

Bannmerki

Þau segja til um það sem ekki má gera í umferðinni á ákveðnum stöðum, s.s. að beygja til hægri, leggja bíl eða hjóla. Bannmerkin eru flest hringlaga og gul á litinn með rauðum kanti og mynd eða tölustöfum eða öðrum táknum eftir því sem við á.

| | | | | |
|--|---|--|---|---|
| Allur akstur bannaður  | Innakstur bannaður  | Akstur vélknúinna ökutækja bannaður  | Akstur dráttarvéla bannaður  | Akstur bifhjóla bannaður  |
| Hjóltreiddar bannaður  | Hestaumferð bönnuð  | Takmörkuð hæð  | Hámarkshraði ökutækja  | Hægri beygja bönnuð  |
| Vinstri beygja bönnuð  | U-beygja bönnuð  | Bannað að leggja ökutæki  | Bannað að stöðva ökutæki  | Stöðvunarskylda  |

Upplýsingamerki og þjónustumerki

Upplýsingamerkjum er ætlað að gefa vegfarendum upplýsingar um ýmislegt sem er mikilvægt fyrir umferðina, s.s. hvar næstu bílastæði eru eða að ákveðin gata sé einstefnugata. Þau eru oftast blá með hvítu tákni. Þjónustumerki eiga að gefa til kynna hvaða þjónusta er í boði á leið vegfarenda. Í báðum flokkum eiga merkin að vera réttthyrndir ferhyrningar. Þessi merki eru yfirleitt blá með svartri mynd á hvítum grunni.



Merkingar á yfirborði vega

Á malbikuðum götum og þjóðvegum með bundnu slitlagi eru línur og tákni sem, auk annarra umferðarmerkja, leiðbeina öikumönnum um aksturinn í því skyni að gera umferðina sem öruggasta. Hér eru dæmi um nokkrar af algengustu merkingunum.



Umferðarmerkin – könnun

Dagsetning

Bekkur

Nafn

1. Hvað þýða þessi umferðarmerki??
















2. Litaðu merkin í réttum litum:

3. Hvert er hlutverk viðvörunarmerkja? _____


4. Hvert er hlutverk boðmerkja? _____

5. Hvert er hlutverk bannmerkja? _____


6. Hvert er eina umferðarmerkið sem er átthyrnt? _____

Athyglisverðar staðreyndir um umferðarmál


1. Fjöldi karla og kvenna sem hafa látist í umferðarslysum á Íslandi




2. Aldur ökumanna sem ollu umferðarslysum eða óhöppum árið 2007



3. Fjöldi slysa og óhappa eftir tíma sólarhringsins árið 2007



4. Fjöldi alvarlega slasaðra og látinna á bifhjólum



Úti að aka

Reglur

Til að spila þarf:

- 1 spilaborð
- 54 græn spjöld
- 54 gul spjöld
- 1 tening
- 2-6 „bíla“ (hægt er að nota t.d. kubba eða tappa)
- regluspjald
- lögregluskýrslu
- e.t.v. reiknivél

- Spilið er fyrir 2–6 ökumenn (leikmenn) eða 2–4 lið. Spilaborð er á öftustu blaðsíðu.
- Kastað er upp á hver byrjar. Sá sem byrjar er jafnframt **lögreglustjórinn** og sér um að reglum spilsins sé fylgt, ásamt því að skrifa **lögregluskýrsluna** í lok spilsins. Ef einhver ökumaður fær **hraðasekt** fær lögreglustjórinn upphæðina til ráðstöfunar fyrir sig og bætist upphæðin þá við hjá honum í lok spilsins.
- Markmiðið** er að ljúka ökuferðinni með hagnaði og skoða á leiðinni ýmislegt sem getur komið upp á í umferðinni, bæði jákvætt og neikvætt.
- Þegar ökumaður lendir á gulum reit á hann að draga spjald (gult) úr viðkomandi bunka, lesa upphátt fyrir hina það sem á spjaldinu stendur og geyma svo spjaldið hjá sér. Það sama gildir um grænu reitina. Gulu spjöldin eru flest sektir* eða annað neikvætt, grænu spjöldin eru jákvæð atriði sem gefa stig sem færa má sér til tekna við lok spilsins. Hvert stig jafngildir kr. 1.000 handa ökumanninum.
- Alltaf þarf að **stoppa** á reitum með umferðarmerkjum á. Ökumaður þarf að segja hvað merkið þýðir til þess að mega halda áfram. Ef hann svarar rétt má hann skila einu gulu spjaldi frá sér aftur í bunkann. Ef svarið er ekki rétt færast hann aftur á sama reit og hann var á síðast.
- Þegar einn ökumaður (eitt lið) af hvorri leið er kominn í **mark** telst spilið búið. Ef leikmenn eru aðeins tveir er spilið búið þegar sá fyrri kemur í mark. Sá sem kom fyrstur í mark á hvorri leið fær **20 stig** (= kr. 20.000.-) fyrir það. Svo skiptir hver ökumaður þeim gulu og grænu spjöldum sem hann hefur dregið í tvo bunka hjá sér og reiknar út stöðuna eftir ökuferðina. Lögreglustjórinn skrifar niðurstöður hvers ökumanns í skýrsluna og reiknar út sigurvegarann (sjá hér fyrir neðan). Gott getur verið að hafa reiknivél við höndina.
- Sá ökumaður sem hefur hæsta upphæð í lok spilsins **vinnur**, hvort sem hann er kominn á endareit eða er jafnvel síðastur í bílaröðinni. Ef um tvö eða fleiri lið er að ræða reiknast saman stig allra ökumanna hvers liðs og sektir allra dragast svo frá, til að sjá hvaða lið vann.

Lögregluskýrsluna er hægt að nota mörgum sinnum og þarf ekki að prenta nýja út í hvert skipti sem spilað er.

Dæmi um skráningu í lögregluskýrslu:

| Nafn ökumans | Stig | Krónur | Sektir og önnur útgjöld vegna aksturs | Fyrstur í mark (= 20 stig) | Samtals gróði eða skuld eftir ökuferðina | Sigurvegari |
|--------------|------|--------|---------------------------------------|----------------------------|--|-------------|
| Stína | 18 | 18.000 | -7.500 | nei | 10.500 | |
| Magnús | 25 | 25.000 | -15.000 | nei | 10.000 | |
| Hjalta | 13 | 13.000 | -5.000 | já | 28.000 | Hjalta |
| Sandra | 30 | 30.000 | -55.000 | nei | -25.000 | |

* Sektir og sektarupphæðir í spilinu eru ekki í samræmi við það sem raunverulegt er skv. lögum og reglugerðum. Hægt er að afla upplýsinga um sektarupphæðir t.d. á vef Umferðarstofu, us.is. Einnig er rétt að taka fram að stigin sem gefin eru í spilinu gefa ekki á neinn hátt til kynna mikilvægi hvers atriðis í umferðinni.

Lögregluskýrsla

| Nafn ökumans | Stig | Krónur | Sektir og önnur útgjöld vegna aksturs | Fyrstur í mark (= 20 stig) | Samtals gróði eða skuld eftir ökuferðina | Sigurvegari |
|--------------|------|--------|---------------------------------------|----------------------------|--|-------------|
| | | | | | | |
| | | | | | | |
| | | | | | | |
| | | | | | | |
| | | | | | | |
| | | | | | | |
| | | | | | | |
| | | | | | | |
| | | | | | | |
| | | | | | | |
| | | | | | | |
| | | | | | | |
| | | | | | | |
| | | | | | | |
| | | | | | | |
| | | | | | | |
| | | | | | | |
| | | | | | | |
| | | | | | | |
| | | | | | | |
| | | | | | | |



| | | |
|---|--|--|
| <p>Þú ferð út í kant til að hleypa slökkviliðsbíl fram hjá.</p> <p>1 stig</p> | <p>Þú borgar bifreiðagjöldin á réttum tíma.</p> <p>1 stig</p> | <p>Þú hleypir bíl fram fyrir þig í röð.</p> <p>1 stig</p> |
| <p>Þú hleypir strætó fram fyrir þig.</p> <p>2 stig</p> | <p>Þú stoppar fyrir fólki sem stendur við gangbraut.</p> <p>2 stig</p> | <p>Þú borgar tryggingarnar á réttum tíma.</p> <p>2 stig</p> |
| <p>Þú endurnýjar ökuskrteinið á réttum tíma.</p> <p>3 stig</p> | <p>Þú dregur verulega úr hraðanum þegar þú mætir gangandi vegfarendum þar sem engin gangstígur er.</p> <p>3 stig</p> | <p>Þú kemur að slysi og stoppar og beitir kunnáttu þinni í fyrstu hjálp.</p> <p>3 stig</p> |
| <p>Þú keyrir á löglegum hraða.</p> <p>4 stig</p> | <p>Þú ferð með bílinn í dekkjaskipti á réttum tíma.</p> <p>4 stig</p> | <p>Þú ferð yfir einbreiða brú og gætir fyllstu varúðar.</p> <p>4 stig</p> |
| <p>Þú ekur út í kant til að hleypa slökkviliðsbíl fram hjá.</p> <p>5 stig</p> | <p>Þú keyrir á slæmum, ómalbikuðum og holóttum sveitavegi og gætir fyllstu varúðar.</p> <p>5 stig</p> | <p>Þú slekkur á græjunum á meðan þú einbeitir þér við erfiðar aðstæður í umferðinni.</p> <p>5 stig</p> |
| <p>Þú sérð skilti sem gefur til kynna útsýnisstað og stöðvar til að njóta útsýnisins.</p> <p>6 stig</p> | <p>Þú aðstoðar ökumann við að skipta um dekk.</p> <p>6 stig</p> | <p>Þú vísar ferðafólki til vegar.</p> <p>6 stig</p> |



| | | |
|---|---|---|
| <p>Þú sérð að dekkinn eru orðin slitin og kaupir ný og lætur setja þau undir bílinn.</p> <p>7 stig</p> | <p>Þú leggur bílnum á öruggum stað áður en þú hringir / svarar símtali.</p> <p>7 stig</p> | <p>Þú ert með þráðlausan GSM búnað í bílnum.</p> <p>7 stig</p> |
| <p>Vinur þinn sest undir stýri eftir að hafa nýtt áfengis. Þú færð hann ofan af því að keyra.</p> <p>8 stig</p> | <p>Þú bjargar mannslífi með því að tilkynna um ölvunarakstur.</p> <p>8 stig</p> | <p>Þú blikkar ljóslausan bíl sem kemur á móti þér, til að minna hann á að kveikja ljósin.</p> <p>8 stig</p> |
| <p>Þú keyrir ávallt eftir aðstæðum.</p> <p>9 stig</p> | <p>Þú gætir þess að skafa ísingu vel af rúðum áður en þú leggur af stað.</p> <p>9 stig</p> | <p>Þú heldur ró þinni þó bíllinn fyrir framan þig drepri á sér á ljósum.</p> <p>9 stig</p> |
| <p>Þú ferð með bílinn í smurningu og olíuskipti á réttum tíma.</p> <p>10 stig</p> | <p>Þú gefur alltaf stefnuljós áður en þú tekur beygjur.</p> <p>10 stig</p> | <p>Þú gætir vel að bifhjólamönnum í umferðinni.</p> <p>10 stig</p> |
| <p>Þú hægir á þér þegar þú sérð börn að leik nálægt umferðargötu.</p> <p>11 stig</p> | <p>Þú hleypir bíl út úr stæði.</p> <p>11 stig</p> | <p>Þú tekur þátt í umferðargetraun og vinnur.</p> <p>11 stig</p> |
| <p>Þú hjálpar til við að losa og ýta bíl sem er fastur í snjó.</p> <p>12 stig</p> | <p>Þú athugar hvort allir í bílnum hjá þér séu örugglega spenntir í öryggisbeltin.</p> <p>12 stig</p> | <p>Þú kemur við á bensínstöð og lætur athuga þrýstinginn í dekkjunum.</p> <p>12 stig</p> |



| | | |
|--|--|---|
| <p>Þú tekur þátt í akstursleiknikeppni og vinnur.</p> <p>1 stig</p> | <p>Þú lætur athuga olíuna á bensínstöð áður en þú heldur í ferðalag.</p> <p>2 stig</p> | <p>Þú veifar í þakklætisskyni þeim sem hleypti þér fram fyrir sig í umferðinni.</p> <p>3 stig</p> |
| <p>Andamamma með fjóra unga sína er á leið yfir götu. Þú stoppar og bíður þolinmóð(ur).</p> <p>4 stig</p> | <p>Þú ert með tjónaskýrslu í hanskahólfinu, til öryggis.</p> <p>5 stig</p> | <p>Þú hægir á þér þar sem þú sérð unglinga í vinnuskól- anum að tína rusl nálægt götunni.</p> <p>6 stig</p> |
| <p>Þú ert villt(ur) og spyrð til vegar.</p> <p>7 stig</p> | <p>Löggan er með eftirlit og stoppar þig. Allir í bílnum eru með öryggisbeltin spennt.</p> <p>8 stig</p> | <p>Þú kemur að slysi og stoppar, veitir fyrstu hjálp og hringir í 112.</p> <p>9 stig</p> |
| <p>Þú ekur á löglegum hraða.</p> <p>10 stig</p> | <p>Þú ert með sjúkratösku í bílnum.</p> <p>11 stig</p> | <p>Þú athugar með færð og veður áður en þú leggur í langferð að vetri til.</p> <p>12 stig</p> |
| <p>Þú stoppar af og til þegar þú keyrir langar vegalengdir, til að leyfa farþegunum að teygja úr sér.</p> <p>13 stig</p> | <p>Þú heldur bílnum hreinum og snyrtilegum bæði að utan og innan.</p> <p>14 stig</p> | <p>Þú verður vitni að ofsaaakstri og hringir í 112 til að tilkynna það.</p> <p>5 stig</p> |
| <p>Þú sérð skilti sem gefur til kynna útsýnisstað og stöðvar til að njóta útsýnisins.</p> <p>7 stig</p> | <p>Þú sérð bíl sem lagt er út í kant með hættuljósín á og athugar hvort þú getir aðstoðað.</p> <p>9 stig</p> | <p>Þú ekur á löglegum hraða.</p> <p>11 stig</p> |



| | | |
|---|---|--|
| <p>Þú þarft að sýna þig fyrir hinu kyninu og reykspólar af stað.</p> <p>Þú er hallærisleg(ur) og færist aftur um fimm reiti.</p> | <p>Bíllinn verður rafmagnslaus og fer ekki í gang.</p> <p>Þú ert með startkapla í bílnum og færð start hjá öðrum bíl svo þetta reddast og þú tefst ekkert að ráði.</p> | <p>Þú keyrir yfir á rauðu ljósi.</p> <p>Þú situr hjá í næstu umferð og borgar kr. 10.000 í sekt.</p> |
| <p>Það er keyrt aftan á þig.</p> <p>Allir í bílnum eru með beltin spennt og sleppa við meiðsl. Þú mátt gera aftur.</p> | <p>Vegavinna.</p> <p>Þú færist aftur um einn reit.</p> | <p>Háannatími og miklar umferðartafir. Þú þeytir flautuna og þrasar yfir ástandinu.</p> <p>Þú færist aftur um þrjá reiti.</p> |
| <p>Háannatími og miklar umferðartafir. Þú sýnir jafnaðargeð og rósemd.</p> <p>Þú mátt gera tvisvar í röð í næstu umferð.</p> | <p>Syfjan er að buga þig og þú sleppur naumlega frá því að keyra út af.</p> <p>Þú situr hjá í næstu umferð á meðan þú leggur þig í bílnum í 15 mínútur.</p> | <p>Þú virðir ekki stöðvunarskyldu.</p> <p>Þú situr hjá í næstu umferð og borgar sekt, kr. 5.000.</p> |
| <p>Þú trassar að fara með bílinn í bifreiðaskoðun.</p> <p>Þú situr hjá í næstu umferð.</p> | <p>Það vantar rúðuvökva á bílinn og þú sérð varla í gegnum framrúðuna.</p> <p>Þú færist aftur um einn reit.</p> | <p>Þú ert með græjurnar í botni og heyrir ekki í sírenum sjúkrabíls sem þarf að komast fram hjá.</p> <p>Þú færist aftur um þrjá reiti.</p> |
| <p>Bremsurnar eru orðnar lélegar.</p> <p>Þú færist aftur um tvo reiti.</p> | <p>Þú tekur ranga beygju og villist af leið.</p> <p>Þú situr hjá í næstu umferð á meðan þú skoðar götukort.</p> | <p>Þú gætir ekki að þér í lausamöl og keyrir út af veginum.</p> <p>Þú situr hjá í næstu umferð á meðan þú ferð í lækniaskoðun á næsta sjúkrahúsi.</p> |
| <p>Þú keyrir 20 km yfir hámarkshraða og færð sekt.</p> <p>Þú borgar kr. 20.000.</p> | <p>Þú keyrir 6 km yfir hámarkshraða og færð sekt.</p> <p>Þú borgar kr. 10.000.</p> | <p>Löggan er með eftirlit og þú ert með bilað bremsuljós.</p> <p>Þú borgar sekt, kr. 2.500.</p> |



| | | |
|--|---|--|
| <p>Þú ekur 10 km yfir hámarkshraða og færð sekt.</p> <p>Þú borgar kr. 10.000.</p> | <p>Þú verður bensínlaus.</p> <p>Þú situr hjá í næstu umferð á meðan þú nærð í eldsneyti.</p> | <p>Það springur á bílnum hjá þér.</p> <p>Þú situr hjá í næstu umferð á meðan gert er við dekkið.</p> |
| <p>Þú keyrir ljóslaus.</p> <p>Þú borgar sekt, kr. 2.500.</p> | <p>Þú hefur trassað að láta skipta um dekk vegna árstíðaskipta.</p> <p>Þú borgar sekt kr. 20.000 og lætur skipta, kr. 5.000.</p> | <p>Þú keyrir án þess að vera með öryggisbelti.</p> <p>Þú lendir í árekstri og þarft að liggja á sjúkrahúsi næstu tvær umferðir.</p> |
| <p>Þú festir bílinn í snjó og þarft að moka og ýta.</p> <p>Þú ert með skóflu í bílnum og tekur þessu með jafnaðargeði. Þú tefst því lítið og mátt halda áfram eins og ekkert hafi í skorist.</p> | <p>Þú skefur ísingu illa af rúðunum áður en þú leggur af stað.</p> <p>Þú færist aftur um tvo reiti.</p> | <p>Dekkin eru orðin hættulega léleg.</p> <p>Þú þarft að kaupa ný dekk. Borgar kr. 50.000.</p> |
| <p>Þú virðir ekki bannskilti og tekur U-beygju þar sem ekki má.</p> <p>Þú situr hjá í næstu umferð og borgar sekt, kr. 5.000.</p> | <p>Þú leggur bílnum ólöglega.</p> <p>Þú borgar sekt, kr. 2.500.</p> | <p>Þú talar í gemsu á meðan þú keyrir.</p> <p>Þú borgar sekt, kr. 5.000.</p> |
| <p>Það drepst á bílnum hjá þér á ljósum en þú heldur ró þinni, setur hættuljósín á og reynir að starta.</p> <p>Þú mátt gera aftur.</p> | <p>Farþegarnir í bílnum hjá þér eru ekki með öryggisbeltin spennt.</p> <p>Þú situr hjá í næstu umferð og borgar sekt, kr. 15.000.</p> | <p>Þú gefur ekki stefnuljós áður en þú tekur beygju.</p> <p>Þú færist aftur um einn reit.</p> |
| <p>Þú borgar ekki í stöðumæli.</p> <p>Þú borgar sekt, kr. 2.500.</p> | <p>Þú virðir ekki rétt ökutækis sem kemur frá hægri.</p> <p>Þú situr hjá í næstu umferð.</p> | <p>Þú keyrir á of miklum hraða og hendist yfir hraðahindrun.</p> <p>Þú situr hjá í næstu umferð á meðan þú lætur laga bílinn eftir þetta og borgar fyrir kr. 50.000.</p> |



| | | |
|---|--|---|
| <p>Þú keyrir ljóslaus.</p> <p>Þú borgar sekt, kr. 2.500.</p> | <p>Þú reynir að ganga í augun á hinu kyninu og keyrir með aðra hönd á stýri.</p> <p>Þú ert bara hallærisleg(ur) og fær-ist aftur um tvo reiti.</p> | <p>Þú leggur ólöglega.</p> <p>Bíllinn er dreginn í burtu og þú þarft að borga kr. 10.000 til að fá hann aftur.</p> |
| <p>Þú leggur bílnum upp á gangstétt þannig að fólk með barnavagn kemst ekki fram hjá.</p> <p>Farðu aftur um þrjá reiti.</p> | <p>Þú keyrir í heila mínútu með handbremsuna á án þess að taka eftir því.</p> <p>Þú færist aftur um einn reit.</p> | <p>Þú bakkar út úr innkeyrslu og yfir hjól sem liggur þar.</p> <p>Sem betur fer var enginn á hjólinu, en þú færð áfall og situr hjá í næstu umferð.</p> |
| <p>Þú virðir ekki bannskilti og tekur U-beygju þar sem ekki má.</p> <p>Þú situr hjá í næstu umferð og borgar sekt, kr. 5.000.</p> | <p>Þú leggur bílnum ólöglega rétt á meðan þú skreppur í tvær mínútur inn í sjoppu.</p> <p>Þú borgar sekt, kr. 2.500.</p> | <p>Þú sendir sms á meðan þú keyrir.</p> <p>Þú borgar sekt, kr. 7.000.</p> |
| <p>Þú skófst snjó og ísingu af rúðunum á bílnum en gleymdir að skafa af ljósunum.</p> <p>Þú færist aftur um einn reit.</p> | <p>Hvorki þú eða farþegar þínir eru með öryggisbeltin spennt.</p> <p>Þú situr hjá í næstu umferð og borgar sekt, kr. 20.000.</p> | <p>Þú gefur ekki stefnuljós áður en þú tekur beygju.</p> <p>Þú færist aftur um tvo reiti.</p> |
| <p>Þú ert með of marga farþega í bílnum.</p> <p>Þú borgar sekt, kr. 5.000.</p> | <p>Þú virðir ekki rétt ökutækis sem kemur frá hægri.</p> <p>Þú situr hjá í næstu umferð.</p> | <p>Þú lætur mana þig til að fara í spyrnu á ljósum.</p> <p>Þú situr hjá í næstu umferð og borgar kr. 25.000 í sekt fyrir að vera hættuleg(ur) í umferðinni.</p> |
| <p>Þú borgar ekki í stöðumæli.</p> <p>Þú borgar sekt, kr. 2.500.</p> | <p>Þú keyrir utan vegar þar sem það er stranglega bannað.</p> <p>Þú festir bílinn í moldarflagi og situr hjá í næstu umferð.</p> | <p>Þú keyrir of nálægt næsta bíl fyrir framan og skapar þar með hættu á aftanákeyrslu.</p> <p>Þú borgar sekt, kr. 2.500.</p> |

Skynjun og viðbrögð – könnun

Dagsetning

Bekkur

Nafn

1. Hvaða skynfæri nota ökumenn í akstri – og til hvers? _____

2. Er alltaf nóg fyrir ökumenn að líta í hliðarspegla og baksýnispegil til að fylgjast með umferðinni í kring?
 Rökstyddu svar þitt:

3. Hvaða líffræðilegar orsakir liggja að baki „blinda blettinum“?

4. Settu S (satt) eða Ó (ósatt) fyrir framan fullyrðingarnar, eftir því sem við á:
 ___ Þeir sem hafa aðeins fulla sjón á öðru auga búa yfir jaðarsjónsviði.
 ___ Á miklum hraða sjáum við aðeins það sem er beint framundan, það sem er til hliðanna er mjög óskýrt.
 ___ Jaðarsjónina notum við til að meta fjarlægðir og hraða.
 ___ Jaðarsjón fólks er óskýr en mjög næm á hreyfingar.
 ___ Jaðarsjónsviðið víkkar eftir því sem við förum hægar.
5. Hvaða aðrir þættir en náttúrulegar aðstæður (t.d. blindandi sól eða háлка) geta brenglað skynjun ökumanns og mat hans á hraða og hættum í umferðinni? Nefndu a.m.k. tvennt.

6. Ljúktu við fullyrðinguna þannig að hún verði sönn með því að setja X þar sem við á.
 Um nokkra möguleika er að ræða.
 Því hraðar sem bíl er ekið ... ___ ... þeim mun styttri tíma tekur að stöðva hann.
 ___ ... því lengri verður viðbragðstími ökumannsins.
 ___ ... því lengri vegalengd þarf til að stöðva hann.
 ___ ... því erfiðara er að meta fjarlægðir.
 ___ ... þeim mun betri möguleika á bílstjórinn á að vera vakandi fyrir aðstæðum.
 ___ ... því meiri verður hættan á alvarlegum slysum.
 ___ ... því minni hætta er á að bílstjórinn sofni undir stýri.
7. Nefndu dæmi um aðstæður þar sem ökumaður getur þurft að stöðva snögglega.

Fyrsta hjálp – könnun

Dagsetning _____

Bekkur _____

Nafn _____

1. Hvers vegna ættu allir að fara á skyndihjálparnámskeið?

2. Hvar eru skyndihjálparnámskeið haldin og hver sér um að halda þau?

3. Er nóg að fara einu sinni á skyndihjálparnámskeið? Rökstyddu svar þitt.

4. Hver eru fjögur fyrstu skrefin þegar komið er að slysi?

1. _____

2. _____

3. _____

4. _____

5. Í hvaða tilfellum áttu að leggja hinn slasaða í læsta hliðarlegu?

6. Í hvaða tilfellum áttu ekki að leggja hinn slasaða í læsta hliðarlegu?

7. Settu rétt númer fyrir framan síðari hluta setninganna þannig að þær verði sannar:

1. Ef blóð spýttist úr sári í takt við hjartsláttinn ____ er um bláæðablæðingu að ræða, getur verið lífshættuleg.

2. Ef blóð vætlar úr sári ____ er um slagæðablæðingu að ræða, sem er lífshættuleg.

3. Ef blóð rennur jafnt úr sári ____ er um háræðablæðingu að ræða, sem ekki er lífshættuleg.

8. Hvernig geturðu opnað fyrir öndunarveg hjá slösuðum einstaklingi?

9. Hvað þarftu að gera ef hinn slasaði virðist ekki geta andað sjálfur?

10. Hvað áttu að gera ef hjarta hins slasaða virðist hætt að slá og hann andar ekki?

11. Hvert er símanúmer Neyðarlínunnar? _____

Green spjöld hér

ÚTI AD AKA



AF STAÐ

Gul spjöld hér

